<p>g. Fjós og hlaða er við suðurgaflinn á litra f, byggð úr grásteini, með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Hús þetta er hólfað í tvennt, með skilvegg úr steini. Í öðrum endanum er heyhlaða með timburgólfi, en í hinum fjós, með 13 kúabásum. Undir fjósinu er áburðargryfja, með steinsteypu- botni. Yfir fjósinu er gólf á bitalögum og milligólf á milli bitanna.</p> <p>Stærð: L. 17.0 m. br. 8.2 m. h. 5.6 m. ris 4.1 m.</p>	16.194.-
Fjósið og hlaðan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	16.194.-
<p>h. Fjós er við suðurhlið litra g, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Það er allt þiljað innan og stoppað. Í því eru básar fyrir 12 kýr. Þar er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð: L. 17.0 m. br. 4.0 m. h. 2.7 m. skáþak, safngryfja 1.9 m.</p>	3.672.-
Fjósið er virt á.....	3.672.-
<p>i. Geymsluhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki.</p>	690.-
Stærð: L. 6.0 m. br. 5.0 m. h. 2.3 m. skáþak.	690.-
Skúrinn er virtur á.....	690.-
Samtals	53.622.-

Möt framkvæmd: 20/7/1950

Metið kr.

Sjómannaskólinn var nú fyrst metinn til brunabóta og er hann 3 hæðir með turni, risi og kjallara undir nokkrum hluta, byggður úr steinsteypu, kvartshúðaður utan, klæddur innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og eir. Á I. hæð eru í austurenda: 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, anddyri, innri forstofa, 4 geymslur, allt málað og dúklagt; í miðálmum er kyndaraherbergi, 2 herbergi fyrir jarðskjálftamæla, innri gangur, snyrtiherbergi og skrifstofa; þá kemur aðalinngangur og vesturendi með anddyri, innri forstofu, borðsal, eldhúsi m/brauðgerðarofni og búri, geymslur, fataherbergi og snyrtiherbergi. Í vesturálmum eru anddyri, innri forstofa og 2 vinnusalir fyrir verklegt nám. Á II. hæð eru í austurálmum: hátíðarsalur ófullgerður, notaður fyrir smíðastofu, 2 sýmingarklefar ófullgerðir; í miðálmum: 4 stofur, snyrtiherbergi ófullgert og gangur að norðan, almenningur (stigasalur), þá koma 5 skólastofur og gangur vestan turnsins. Í vesturenda eru 4 kennslustofur, snyrtiherbergi og gangur. Allir gangar korklagðir og málaðir, en kennslustofur dúklagðar og klæddar eikarkrossviði og loft máluð. Á III. hæð er innrétting eins og á II. hæð, nema í austurálmum, þar hefir veðurstofan 7 skrifstofuherbergi og snyrtiherbergi, uppi yfir hátíðarsal, öll dúklögð og máluð. Á þakhæð eru í austurálmum 9 heimavistarherbergi, snyrtiherbergi, steypibaðklefi, geymsla og gangur, allt málað og dúklagt. Í miðálmum er lessalur, bókaageymslur og almenningur vestanturns, 13 heimavistarherbergi, 2 geymslur, snyrtiherbergi, steypibaðherbergi og gangur, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús. Í vesturálmum er stigagangur, 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s. og skrifstofa, allt málað og dúklagt. Aðalinngangur ásamt almenningum (stigahúsin) er klætt eikarbrjóstpanel upp að turni. Turninn er 3 hæðir, steinsteypdur og vélabygging ofan á, sem er 2 hæðir og súla, allt úr steini. Á vesturálmum er turnspíra með vindhana.

Stærð hússins:	A Milliálma:	L 63.2 m. br. 10.7 m. h. 12.3 m. ris 3.3 m.
"	" A Kjallara :	L 6.8 m. br. 11.0 m. h. 3.5 m.
"	" Útskot :	L 6.8 m. br. 3.0 m. h. 12.3 m.
"	" Útskot :	L 6.8 m. br. 0.9 m. h. 14.0 m. ris 0.5 m.
"	" Turn :	L 6.7 m. br. 6.7 m. h. 14.0 m.
"	" Efri turns:	L 3.0 m. br. 3.0 m. h. 9.0 m.
"	" Vesturálma;	L 25.8 m. br. 11.4 m. h. 11.4 m. ris 4.0 m.
"	" Austurálma:	L 21.6 m. br. 11.4 m. h. 11.4 m. ris 4.0 m.

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr.
Húsið, ásamt álmum, útskotum, turni og tilheyrandi, er virt á.....	9.933.400-
B. Ketilhús steinsteypt, veggir og gólf, óhúðað utan, með þaki úr timbri og pappa. Stærð hússins: L 30.0 m. br. 10.0 m. h. 5.0 m. ris 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	324.000-
<u>Samtals krónur</u>	<u>10.257.400-</u>

Gata og númer:

Hús óháða safnaðarins, Háteigsvegur, Kirkjubær.

Möt framkvæmd: (30/4/1958.) 25/7/1959. - 28/8/1963.	Metið kr.
<p>Er nýtt félagsheimili o. fl. ein hæð og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki og steinull, óhúðað utan og með steinsteypu þaki.</p> <p>Á 1. hæð er samkomusalur, buffet, skráðherbergi, skrifstofa, skáli, fatahengi, anddyri og stigahús. Allt málað og dúklagt.</p> <p>Í kjallara er samkomusalur, eldhús, gangur, anddyri, fatahengi 2 snyrtiherbergi m/tilheyrandi og geymsla. Allt málað og dúklagt. Auk þess er í kjallara miðstöðvarherbergi er rafmagnsupphitun er í húsinu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.80m., br. 4.00m., h. 3.00m., ris flatt.</p> <p>L. 4.60m., br. 12.30m, h. 3.30m., ris flatt.</p> <p>L. 2.30m., br. 2.70m., h. 2.70m., ris. flatt.</p> <p>L. 8.60m., br. 8.0m., kj. 2.60m.,</p> <p>L. 6.40m., br. 12.50m., kj. 2.60m., = 707.95m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Kr. 495.600.-</p>	

<p>Virt 25/7. 1959.</p> <p>Ný kirkja og félagsheimili, ein hæð byggð úr steinsteypu, einangrað með korki, plasti og wellit, slétthúðað og málað utan og með steinsteypu þaki. Félagsheimilið var metið 30/4 1958 og er óbreytt frá því mati. Er félagsheimilið metið með kirkjunni nú.</p> <p>Á 1. hæð er einn salur, altari, prédikunarstóll. Kirkjan tekur 240 manns í sæti, auk félagsheimilisins. Einnig er snyrtiklefi á hæðinni. Timburklæðning er í lofti. Lampar eru með í tryggingunni.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>Kirkja : L. 17.5 m., br. 12.2 m., h. 6.5 m. =</p> <p>" " 3.85 " " 8.0 " " 3.3 " = 1.375.64 m³</p> <p>Félagsh. : L. 9.8 m., br. 4.0 m., h. 3.0 m.</p> <p>" " 4.6 " " 12.3 " " 3.3 "</p> <p>" " 2.3 " " 2.7 " " 2.7 "</p> <p>" kj. " 8.6 " " 8.0 " " 2.6 "</p> <p>" " " 6.4 " " 12.5 " " 6.6 " = 707.95 m³</p> <p>Samtals 2.083.64 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á..... Kr. 1.875.200.-</p>	

<p>Virt 28/8/1963.</p> <p>B. liður Nýir kirkjubekkir.</p> <p>Bekkirnir, ásamt tilheyrandi, eru virtir á..... kr. 400.000.-</p>	

Gata og númer: Háteigsvegur (Kirkja)

Möt framkvæmd: 5/3/66	Metið kr.
<p>Ný kirkja. Byggð úr steinsteypu, einangruð með kork. Slétthúðuð og máluð. Þakið er eirþak. Kjallari að hluta. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Salur. Skrúðhúsin eru 2. Salurinn tekur í sæti 380. Tvöfalt gler í gluggum. 4 turnar. 2 V. S. með tilheyrandi, 2 herbergi fyrir presta. Útihurð er sérstaklega verðmæt.</p> <p>Kjallari: Kynding, geymslur.</p> <p>Aths.: Sæti, predikunarstóll og 2 altari, orgel kr.: 2.000.000.-</p> <p>A: L 35,87 m., br. 14,8 m., h. 10,76m. = 5712 m³</p> <p>B:</p> <p>Kirkjan, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>17.136.000.-</p> <p>2.000.000.-</p> <hr/> <p>19.136.000.-</p>

Gata og númer:

V/ Háteigsvegur hjá Sjómannaskólanum

Möt framkvæmd: 5/7/1951.

Metið kr.

Spennistöðvarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, fóðrað að hálfu innan með sléttu jární á timburgrind.

Stærð hússins: L 4.5 m. br. 3.0 m. h. 2.50 m. ris 0.60 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

✓ 8.700.00

Gata og númer:

H á t ú n 1.

Möt framkvæmd: 9/6/1945.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járn á þaki og vírlögðum þiljum a veggjum, múrhúðuðum með skeljasandi. I útveggjabinding er pappalag, þá listar og þiljur þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Allar íbúðir hússins eru vírlagðar og múrsléttaðar og olíumálaðar innan. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., fastur skápur, fatakrókur, anddyri og gangur. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og 2 gangar. A þakbitalögum eru gólfborð. Steinsteyputröppur eru við húsið. I kjallaranum er steinsteypugólf og yfir honum er loft úr járnbentri steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. br. 8.2 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Útskot: L. 1.6 m. br. 3.5 m. h. 2.8 m. ris 0.7 m. kjh. 2.5 m.</p>	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	112.800.-
<p>b. Bifreiðaskúr er byggður á lóðinni úr hlöðnum holsteini. Gólf og þak er úr steinsteypu. Neðan á þak er klætt sementsasbestplötum á trélista. Skúrinn er múrhúðaður með skel.</p> <p>Stærð: L. 7.0 m. br. 4.2 m. h. 2.4 m. skáþak.</p>	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	10.800.-
Samtals	123.600.-

Gata og númer: HÁTÚN 2

Möt framkvæmd: 09.09.80.	Metið kr.
<p>Nýtt samkomuh., byggt úr steinsteypu, einangrað með timbri. Húsið er 2 hæðir og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, 2 skrifstofuherb. Tvöfalt gler er í gluggum. Einnig er á hæðinni afgreiðsla og vinnusalur.</p> <p>Á 2. hæð er stigahús, baðherb. með 3 v.s. og 5 handlaugum. Tvöfalt gler er í gluggum. Einnig er á hæðinni kaffistofa, bókaforlag, fundarherb. og biðstofa.</p> <p>Í kjallara er 1 geymsla og bankahólf. Einnig eru 2 skjalageymslur. <u>Stærð hússins:</u> Samtals 7.740 m³. Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	526.320.000,00

Gata og númer: HÁTÚN 2 A

Mót framkvæmd: 08.04. 1980.	Metið kr.
<p>Nýtt iðnaðarhúsnæði, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og með bárujárnsþaki. Húsið er 2 hæðir.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, hringstigi upp á 2. hæð, hjólbarðaverkstæði, lager, sólning, kaffistofa, skrifstofa. Tvöfalt gler er í gluggum. Salerni með tilh.</p> <p>Á 2. hæð eru skrifstofur. Tannlæknastofur. Allt málað í hólf og gólf. Viðarskilrúm, einnig salerni með tilh. Á hæðinni er einnig kaffistofa.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 28,00 m., br. 14,00 m., h. 7,30 m., ris 1,50 m. Samtals 3.156 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	173.580.000,00

Gata og númer:

H á t ú n 3.

Möt framkvæmd: 1/11/1941.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járn. Í húsinu eru 1 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttar og olíumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fataklefi, anddyri og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi, v.s. miðstöðvarherbergi, geymsluklefi, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er gangur að kjallaranum og geymsluklefi. Kjallarastigi er úr tré. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð: L. 8.1 m. br. 8.0 m. h. 2.9 m. ris 1.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>40.050.-</p>
<p><u>Virt 20/4 1974.</u></p> <p>Bilskúr tekinn í mat. byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 6,0., br. 4,4., h. 2,5., 66 m³</p> <p>Bilskúrinn ásamt tilheyrandi er metinn ákr.</p>	<p>251.000</p>

Möt framkvæmd: 31/10/1960.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, átta hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað og málað utan og með steinsteypu þaki og úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð eru 12 íbúðarherbergi, 4 eldhús, m/ 4 borðkrókum, 4 baðherbergi m/kerlaugum, 1 steypa, 5 v. s. og 5 handlaugar, anddyri og 5 forstofur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Gangur er frá lyftu í íbúðirnar. 5 svalir.</p> <p>2. til 7. hæð eru eins og 1. hæð.</p> <p>Á 8. hæð eru 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús m/borðkrókum, 2 baðherbergi m/kerlaugum, 4 v. s. og 4 handlaugar, stigahús, 2 forstofur og 2 skálar. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum 4 svalir.</p> <p>Í kjallara eru 2 þvottahús, kyndiklefi m/hitaveituupphitun og 38 geymslur, sameiginlegar reiðhjóla- barnavagna - og sorpgeymsla og frystiklefi. 1 fólkslyfta fylgir með í matinu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>1. - 7. h. : L. 20.4 m., br. 17.73 m., h. 19.0 m.</p> <p>8. hæð: " 20.4 " " 13.23 " " 2.9 "</p> <p>kjallari: " 20.4 " " 19.40 " kjh. 2.7 m.</p> <p>" 5.4 " " 5.80 " " 3.25 m. = 8.825.4 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 9.266.700.-</p>	

Gata og númer: Hátún 4 A

Möt framkvæmd: 30/9/67) 18/10/1971.	Metið kr.							
<p>Nýtt verzlunar- og skrifstofuhús. 1-2 hæðir, byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar eru 4 verzlanir, V.S. með handlaugum og geymslur. Flísar á gólfum, loft og veggir málað.</p> <p>2. hæð: 8 skrifstofuherbergi, geymslur, skilrúm eru létt. Allt málað og dúklegt. Þar er einnig V.S. og handlaug. Hluti af húsinu er ekki fullgerður.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 20px;"> <tr> <td>L 18,2 m., Br. 18,2 m., H. 7,2 m.</td> <td rowspan="2">}</td> <td rowspan="2">= 2.421 m³</td> </tr> <tr> <td>L 6,0 m., Br. 6,0 m., H. 1,0 m.</td> </tr> <tr> <td>L 17,8 m., Br. 12,2 m., H. 3,6 m.</td> <td></td> <td>= 783 m³</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	L 18,2 m., Br. 18,2 m., H. 7,2 m.	}	= 2.421 m ³	L 6,0 m., Br. 6,0 m., H. 1,0 m.	L 17,8 m., Br. 12,2 m., H. 3,6 m.		= 783 m ³	4.742.000.00
L 18,2 m., Br. 18,2 m., H. 7,2 m.	}			= 2.421 m ³				
L 6,0 m., Br. 6,0 m., H. 1,0 m.								
L 17,8 m., Br. 12,2 m., H. 3,6 m.		= 783 m ³						
<p><u>Virt:18/10/1971.</u></p> <p>Ný viðbygging, verzlunar- og skrifstofuhús, 2 hæðir, byggt úr steinsteypu einangrað með plasti, múrhúðað og málað utan og með steypu þaki. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar eru verzlanir, snyrting. Gólf flísalögð, veggir málaðir.</p> <p>2. hæð: Þar eru skrifstofur, verzlanir og snyrtin. Létt skilrúm, máluð og flísar á gólfum. Ennfremur er bílskúr og sorpklefi.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 20px;"> <tr> <td>B: L. 42.3 m., br. 12.0 m., h. 7.7 m.</td> <td>= 3.909.00 m³</td> </tr> <tr> <td>C: L. 10.5 m., br. 6.5 m., h. 2.6 m.</td> <td>= 177.00 m³</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt bílskúr ofl., með tilheyrandi, er virt á kr.</p>	B: L. 42.3 m., br. 12.0 m., h. 7.7 m.	= 3.909.00 m ³	C: L. 10.5 m., br. 6.5 m., h. 2.6 m.	= 177.00 m ³	12.509.000.- 266.000.- <hr/> 12.775.000.-			
B: L. 42.3 m., br. 12.0 m., h. 7.7 m.	= 3.909.00 m ³							
C: L. 10.5 m., br. 6.5 m., h. 2.6 m.	= 177.00 m ³							

Gata og númer:

H á t ú n 5.

Möt framkvæmd: (2/12/1941.) 12/3/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnbaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft og stigi úr járnbentri steinsteypu. Skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappalagi, listum og vírlögðum þiljum þar innan á. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og olíumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., steypibaðklefi, 2 skápar, anddyri og forstofa. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, geymsluklefi, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið undir þeim er geymsluherbergi. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð: L. 7.8 m. br. 8.1 m. h. 2.8 m. ris 2.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 4.2 m. br. 1.5 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>41.955.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati. (2/12/1941)</p> <p>Stærð aðalhússins: L. 7.8 m. br. 8.1 m. h. 2.8 m. ris 2.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 4.2 m. br. 1.5 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>111.300.-</p>

Möt framkvæmd: (30/12/1961), 27/11/1963, 25/3/1966.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 5 hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og wellit, óhúðað utan, þak er steipt og er það loft yfir 5. hæð, en húsið á að byggjast hærra. Hitaveita.</p> <p>Á 1. hæð eru 12 íbúðarherbergi, 6 eldhús m/borðkrókum, 6 baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaugum 6 að tölu, anddyri og 6 forstofur, Innbyggðir skápar. Allt málað á gólfum er ýmist dúkur, terrassó, eða málað. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar. 6 svalir.</p> <p>2., 3., 4. og 5. hæð eru allar eins og 1. hæð.</p> <p>Í kjallara eru 2 anddyri, v. s. og handlaug, þvottahús, kyndiklefi, 30 geymslur og reiðhjóla - og sorpgeymsla.</p> <p>Stærð hússins: L. 22.74 m., br. 11.86 m., h. 13.5 m., kjh. 2.7 m. = 4.369.2 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr. 4.281.800.-</p>	
<p><u>Virt: 27/11/1963.</u></p> <p>1. - 5. hæð eru óbreyttar frá fyrra mati, 30/12/1961, en síðan hafa verið byggðar fullar 3 hæðir ofan á 6. 7. og 8. hæð og er frágangur þeirra líkur hinna fyrri. Pakhæðin er aðeins fokheld.</p> <p>Stærð hússins: 1 - 8 L. 22.74 m., br. 15.86 m., h. 21.7 m. kj. 2.7 m. þak. L. 22.74 m., br. 10.30 m., h. 3.0 m = 9.503.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 10.453.000.-</p>	
<p><u>Virt: 25/3/1966</u></p> <p>Frá síðasta mati, 27/11/1963, var fólkslyfta ekki komin í húsið og er því ekki talin með í matsverði hússins: Þess er óskað, að brunabótamat hússins hækki sem svarar verði lyftunnar bráðabyrðamat kr. 800.000.-.</p> <p>B: Lyfta virt á kr. 800.000.-</p>	

Gata og númer: Hátún 6 A

Möt framkvæmd: 28. des. 1974	Metið kr.
<p>Nýtt verzlunar- og skrifstofuhúsnæði. Húsið, sem er 2 hæðir og kjallari er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er verzlun, 4 skrifstofur, vörugeymsla. Allt málað, dúk-lagt og tvöfalt gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Snyrtiherbergi með tilheyrandi.</p> <p>2.hæð: Þar er stigi. Innréttað er á hæðinni fyrir heilsurækt, 4 salir, 2 snyrtiherbergi, 2 steypuböð með 4 sturtum, hverklefi, 2 búningsherbergi, 2 saunaböð, hvíldarherbergi, ljósaherbergi, áhaldaherbergi. 1 kyndiklefi. 1 kaffistofa með eldhúsi. Sami frágangur og á neðri hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er vörugeymsla að hluta, afgreiðslusalur, kaffistofa með eldunarplássi. Snyrting með tilheyrandi, frágangur svípaður og uppi.</p> <p>Bílskúr er í kjallara.</p> <p>Stærð hússins: L 20,0 m., Br. 24,20 m., H. 3,20 m. L 20,0 m., Br. 20,0 m., H. 6,20 m., Ris 1,2 m. = 4389m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 21.945.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 1/12/1942. 23/10/1965	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Í húsinu er 1 loft úr járnbentri steinsteypu, en efra loft er úr gólfborðum á bitalögum og þiljað neðan á bitana og loftin lögð striga og vélapappír. Skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur allsstaðar, nema á 2 herbergjum sem eru vírlögð á þiljur. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og olíumálaðar innan. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi með v.s., 2 fastir skápar, anddyri og 2 gangar. Í kjallaranum eru einnig 3 íbúðarherbergi eldhús, baðherbergi m/v.s., geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 3 gangar. Kolaklefi er utan við kjallaravegginn út frá miðstöðvarherberginu. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er opinn gangur inn í kjallarann og geymsluklefi einnig er geymsluherbergi undir veggpalli sem er út frá aðal hæð hússins. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð hússins: L. 8.4 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" útskots: L. 1.0 m. br. 4.3 m. h. 2.8 m. ris 0.9 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>74.580.-</p>
<p><u>Virt:23/10/1965.</u></p>	
<p>A. Í hæð: Öbreytt frá síðasta mati 1/12/1942, nema í sambandi við uppgang og nýtt eldhús og auknar innréttingar.</p> <p>Þakhæðinni var lyft og innréttað þar 4 íbúðarherbergi, 1 baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug. Skápar innbyggðir og veggir málaðir og gólf dúklögð.</p> <p>Kjallarinn er óbreyttur.</p> <p>B. Bálskúr, hlaðinn og einngraður. með bárujárni á þaki.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 8.4 m., br. 8.5 m., h. 2.8 m., ris 3.0 m., kj. 2.5 m.</p> <p>" L. 1.0 m., br. 4.3 m., h. 2.8 m., ris 1.5 m., kj. 2.5 m.</p> <p>B: L. 6.0 m., br. 5.5 m., h. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt bálskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>1.176.000.</p> <p>60.000.</p> <p>1.236.000.-</p>

Möt framkvæmd: 29/6/1963.	Metið kr.									
<p>Nýtt íbúðarhús, 8 hæðir og 2 kjallarar, byggt úr steinsteypu, einangrað með plsti, slétt húðað og málað utan og með steypu þaki. Hitaveita.</p> <p>Á 1. hæð eru 15 íbúðarherbergi, 4 eldhús, með borðkrókum, 4 baðherbergi, 4 kerlaugar, 4 v. s. og 4 handlaugar, stigahús, lyftuhús og 4 forstofur. Málað, flísar og harðviður. Ýmist dúkur, parket eða máluð gólf. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Innbyggðir skápar. 5 svalir.</p> <p>2. - 7. hæð eru að öllu leyti eins og 1. hæð.</p> <p>8. hæð: Þar eru 11 íbúðarherbergi, 4 eldhús með borðkrókum, 4 baðherbergi, með kerlaugum, 4 v. s. og 4 handlaugar, stigahús, lyftuhús og 4 forstofur. Innbyggðir skápar. Ýmist málað eða harðviðarklætt. Á gólfum er ýmist dúkur, parket eða málað. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 5 svalir. Íbúð í vesturálmum er ófullgerð.</p> <p>Í efri kjallara eru 6 anddyri, forstofa, og í vesturálmum er gufubaðstofa með tilheyrandi búnaði.</p> <p>Í neðri kjallara er fostofa, v. s. og handlaug, þvottahús, kyndiklefi og 36 geymslur.</p> <p>Oskiftanleg sameign er að miklu leyti ófrágengin, Lyfta er í húsinu og fylgir hún með í matinu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table data-bbox="418 968 1050 1074"> <tr> <td>363.5 ferm., h. 24.6 m.</td> <td>=</td> <td>8.906.24 m³.</td> </tr> <tr> <td>297.2 " " 2.9 "</td> <td>=</td> <td>861.88 "</td> </tr> <tr> <td>29.16 " " 2.4 "</td> <td>=</td> <td>69.70 "</td> </tr> </table> <p style="text-align: center;">Samtals <u>9.837.82 m³.</u></p>	363.5 ferm., h. 24.6 m.	=	8.906.24 m ³ .	297.2 " " 2.9 "	=	861.88 "	29.16 " " 2.4 "	=	69.70 "	
363.5 ferm., h. 24.6 m.	=	8.906.24 m ³ .								
297.2 " " 2.9 "	=	861.88 "								
29.16 " " 2.4 "	=	69.70 "								
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á	kr. 13.280.000.-									

Gata og númer:

H á t ú n 9.

Möt framkvæmd: 1/7/1943. 28/10/1965	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum og pappa á veggjum og þeir vírlagðir og múrhúðaðir með skeljasandi að utan. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og asbestplötum. Loft yfir kjallara er úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir kjallarans eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Þiljað er neðan á loftbita. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum, allar þiljur eru vírlagðar og íbúðir hússins eru allar múrslétt- aðar innan og olíumálaðar. Í aðalherðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 2 skápar, anddyri og forstofa. Í kjallaranum eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 2 geymsluskápar, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og 2 gangar. 2 steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim eru 2 geymslur og gangur. Veggpallur er á húsinu.</p> <p>Stærð: L. 8.3 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" útskots: L. 4.2 m. br. 1.1 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>79.500.-</p>
<p>Virt: 20/4 1974.</p> <p>Bílskúr tekinn í mat. Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 5,4., br. 6,75., h. 2,7 m., 98 m³</p> <p>Bílskúrin ásamt tilheyrandi er virt á.....kr. 372.000</p>	<p>372.000</p>

Gata og númer: Hátún 10

Möt framkvæmd: 31 / 7 / 1969

Metið kr.

Öryrkjabandalag Íslands.

Nýtt íbúðar- og sjúkradeild. Húsið, sem er 9 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er foamglas. Hitaveita.

2. hæð: Þar stigahús, forstofa, skáli, 14 íbúðarherbergi, 10 eldhús með borðkrókum, 10 kerlaugar, 10 V.S., 4 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Ennfremur er setustofa.
3. - 8. hæð: Eins og 2. hæð.

Þakhæð: Þar er stigahús, skáli, eldhús, 4 V.S., 4 handlaugar. Veggir eru málaðir. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Þar er samkomusalur.

Kjallari: Þar er forstofa, V.S., 1 handlaug. Veggir eru málaðir. Auk þess er þvottahús, kyndiklefi, 74 geymslur, sorpklefi og gufubað.

Stærð hússins:

Kj.	L 16,00m., Br. 30,9m., H. 3,15m.	} = 13.434 m ³
2. - 8. hæð:	L 16,00m., Br. 30,8m., H. 19,24m.	
9. hæð:	L 12,20m., Br. 18,5m., H. 4,0m.	
	(L 3,90m., Br. 1,9m., H. 4,0m.	
1. hæð:	L 14,0m., Br. 31,0m., H. 3,35m	

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 48.362.000.00

Gata og númer: Hátún 10 A

Möt framkvæmd: 19. marz 1975

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús og sjúkradeild. Húsið, sem er 9 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúða og málað utan. Þakið er steipt. Hitaveita.

1.hæð: Þar eru 2 anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, eldhúskrókur. 8 kerlaugar, 8 vs., 8 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. 2 lyftur.

2.hæð - 8.hæð: Þar er stigahús, 14 íbúðarherbergi, 10 eldhúskrókar og 2 eldhús, 12 kerlaugar, 12 vs., 12 handlaugar. 4 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.

Kjallari: Þar er gangur, skáli, geymslur fyrir allar íbúðir hússins, 1 þvottaherbergi, kyndiklefi, sauna, brunastigi. Harðviðar hurðir. Veggir málaðir. Gólf dúklögð.

Stærð hússins: Kj. L 16,00 m., Br. 33,00 m., Kj. 3,15 m.

1.hæð L 14,00 m., Br. 30,43 m., H. 3,35 m.

2.- 8. " L 16,00 m., Br. 32,25 m., H. 19,24 m.

9. " L 12,20 m., Br. 18,44 m., H. 4,00 m.

L 3,90 m., Br. 1,90 m., H. 4,00 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 195.268.000.-

Gata og númer: Hátún 10 B

Möt framkvæmd: 13. okt. 1975

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús og sjúkradeild. Húsið, sem er 9 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er steyp. Hitaveita.

1.hæð: Þar eru 2 anddyri, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, eldhúskrókur með hverju herbergi, 8 kerlaugar, 8 vs., 8 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. 2 lyftur.

2.hæð - 8.hæð: Þar er stigahús, 14 íbúðarherbergi, 10 eldhúskrókar og 2 eldhús, 12 kerlaugar, 12 vs., 12 handlaugar. 4 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.

Kjallari: Þar er gangur, skáli, geymslur fyrir allar íbúðir hússins, 1 þvottaherbergi, kyndiklefi, sauna, brunastigi. Harðviðar hurðir. Veggir eru málaðir. Gólf eru dúklögð.

Stærð hússins:

Kj. 16,00 m., Br. 33,00 m., Kj. 3,15 m.	} = 13.948 m ³
1.hæð 14,00 m., Br. 30,43 m., H. 3,35 m.	
2.-8." 16,00 m., Br. 32,25 m., H. 19,24 m.	
9." 12,20 m., Br. 18,44 m., H. 4,00 m.	
3,90 m., Br. 1,90 m., H. 4,00 m.	

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 195.268.000.-

Gata og númer:

H á t ú n 11.

Möt framkvæmd: 1/3/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús m/málaravinnustofu, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. 1 loft er í húsinu úr járnþentri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á, allt múrsléttað innan og olíumálað. Í aðalhöðinni eru málarastofa, íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri, 2 skápar, gangur og stigar-gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, skermastofa, þvottaherbergi, geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og 2 gangar. Í rishöðinni er svefnherbergi, 2 skápar, snyrtisklefi og gangur. Teiknistofan nær allt til menis og þar eru þakgluggar. Útskot er í kjallara, sem myndar svalir fyrir aðalhöðina. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur í kjallaranum og geymsluklefi.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.4 m. br. 8.5 m. h. 2.7 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" útskots: L. 3.7 m. br. 1.0 m. h. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>83.390.- 4</p>
<p><u>Virt 20/4 1974.</u></p> <p>Einfaldur bílskúr tekinn í mat. Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 6,50 m., br. 4,10., h. 2,4 m., 64 m³</p> <p>Bílskúrin ásamt tilheyrandi er virt á.....kr 243.000</p>	<p>243.000</p>

Gata og númer: Hátún 12, Álma B

Möt framkvæmd: 19. jan. 1974	Metið kr.
<p>Íbúðir, ofl. Húsið, sem er 5 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er steipt (loft), timbur og asfalt-klæðning.</p> <p>1.hæð: Þar er fundarherbergi, skrifstofa og skoðun. Æfingastöð og búningsherbergi, geymsla. Ekki fullfrágengið nema stigahús. Tvöföld gler í gluggum.</p> <p>2.hæð: Þar er matsalur, eldhús, snyrtingar, 5 íbúðarherbergi, músiksalur. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler í gluggum. Harðviður í hurðum. Snyrtiherbergi með tilheyrandi. Svalir.</p> <p>3.hæð: Íbúðarherbergi, bítibúr, 1 setustofa, 2 herbergi fyrir lækni. Böð, geymsla, 3 fólkslyftur, gangur. Frágangur sá sami og á 2.hæð.</p> <p>4.hæð og 5.hæð eru eins og 3.hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er bílskúr fyrir 8 bíla, töflurúm, símstöð, hiti, rafgeymar, verkstæði fyrir húsvörð, geymslur fyrir eldhús (frystiklefi og kæliklefi, 2 geymslur), snyrtiherbergi með tilheyrandi. Allt málað, einnig gólf. Snyrting er flísalögð, ýmist harðviður eða málaðar hurðir.</p> <p>Stærðir:</p> <p>Kj. og 1.hæð: L 42,48 m., Br. 15,00 m., H. 3,30 m., Kj. 2,80 } L 42,48 m., Br. 12,10 m., H. 12,40 m. } 11.170m³ L 8,90 m., Br. 8,80 m., H. 15,70 m., Kj. 2,80 m. }</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 109.207.000.-</p>	

Gata og númer:

H á t ú n 13.

Möt framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum pappa, vírneti og múrhúð úr skeljasandi á veggjum og með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Í kjallaranum er gólf, skilveggir og loft úr steinsteypu, en aðalhæðin er öll þiljuð innan og neðan á loftbita og þiljur allar vírlagðar. Allar íbúðir hússins, bæði í kjallaranum og í aðalhæðinni eru múrhúðaðar og olfumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, ledhús, baðherbergi m/v.s., fatakrókur, anddyri og forstofa. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 2 geymsluklefar, miðstöðvarherbergi, anddyri og 2 gangar. Veggvalir eru út frá húsinu með steinsteypu-tröppum niður í baklóð þess. Anddyriströppur úr steinsteypu eru við framhlíð hússins. Undir þeim eru 2 geymsluklefar.</p> <p>Stærð hússins: L. 8.3 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 1.1 m. br. 5.8 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>58.030.-</p> <hr/>
<p>Einfaldur bílskúr tekinn í mat. Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 6,60 m., br. 5,5 m., h. 2,5 m., 91 m³</p> <p>Bílskúrin er virtur á með tilheyrandi.....kr.</p>	<p>346.000</p> <hr/>

Gata og númer:

H á t ú n 15.

Möt framkvæmd: 1/12/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnbaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í og vírlögðum þiljum þar innan á og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og olíumálaðar. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., geymsluherbergi, 4 skápar, fastir, anddyri og gangur. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, 2 geymsluherbergi, v.s., þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og 2 gangar. Tvennar steinsteyputröppur eru við húsið, undir öðrum þeirra er inngangur í kjallarann og geymsluklefi. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.

Stærð: L. 8.4 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.

" útskots: L. 4.6 m. br. 1.0 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

69.570.-4

Gata og númer:

H á t ú n 17.

Möt framkvæmd: 1/9/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum og pappa, vírneti og múrhúð úr skeljasandi á veggjum og þak úr borðasúð, pappa listum og bárujárni. Pappalag er í útveggjabindingi og vírlagðar þiljur þar innan á. Tvöfaldaðar þiljur vírlagðar eru á skilveggjabindingi. Innan á útveggjum kjallaraíbúðarinnar eru vírlagðar þiljur og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og olíumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, steypibaðherbergi m/v.s. og þvottaskál, 2 fastir skápar, stigagangur, anddyri og forstofa. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., steypibaðklefi, 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 2 gangar. Kolaklefi úr steinsteypu er utan við kjallaravegginn. Steinsteypuloft er yfir kjallaranum. Gólfborð eru á þakbitum.</p> <p>Stærð: L. 8.4 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>62.130.-</p>

Gata og númer:

H á t ú n 19.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með eternitbaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf er úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er tréspónasteypa, vírlögð og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og olíumálaðar. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., fataklefi, 3 fastir skápar, anddyri og forstofa. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, steypibaðklefi m/v.s., miðstöðvarherbergi og þvottaherbergi, þurkherbergi, 2 fastir skápar, geymsluherbergi, anddyri og 2 gangar. Steinsteypu-tröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluherbergi og kolaklefi. Veggpallur er á húsinu. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð hússins: L. 10.9 m. br. 7.7 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 8.3 m. br. 0.8 m. h. 2.8 m. ris 1.4 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" do. L. 3.7 m. br. 1.2 m. h. 2.8 m. ris 0.9 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>62.500.-</p>

Möt framkvæmd: a 1/5/1943. b 28/1/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu og með asbest- þaki á pappa og borðasúð. Í húsinu er loft úrjárnbentri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttadar og olíumál- aðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 2 skápar, stigagangur, anddyri og forstofa. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., 3 fastir skápar, 2 geymsluklefar, þvottahús, miðstöðvarherbergi, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er geymslu- herbergi. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.3 m. br. 8.0 m. h. 2.8 m. ris 1.7 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 1.5 m. br. 4.2 m. h. 2.8 m. ris 1.1 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi og útskoti, er virt á.....</p>	<p>80.840.-</p>
<p>b. Íbúðarskúr, byggður við aðalhúsið úr holsteini á steinsteiptum grunni, með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Innan á útveggjum er pappi, listar, trétex, ýmist pappírslímt eða málað yfir. Dúkar eru á gólfum. Þar eru 2 herbergi, smákompa, þvottaherbergi, v.s. og geymsla, eldhús, m/rafeldavél. Miðstöðvarhitun og frá aðalhúsinu. Skúrinn er múrhúðaður utan.</p> <p>Stærð: L. 8.4 m. br. 5.0 m. h. 2.6 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	<p>25.100.-</p>
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>105.940.-</p>

Möt framkvæmd: 1/12/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með asbest-baki á pappa og borðasúð. Þar er 1 gólf úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir úr venjulegri steinsteypu, sem og kjallaragólf. Á bak-bitalögum eru gólfborð og þiljað neðan á bita. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og allar íbúðir hússins eru múrslétt-aðar og olfumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypi-baðklefi m/v.s., búr, 2 fastir skápar, fatakrókur, stigagangur, ahddyri og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., 2 geymsluherbergi, þvotta- og miðstöðvarherbergi, skápur, anddyri og gangur. Trégólf er yfir steinsteypugólfinu í kjallaranum. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Veggpallur er við suðurhlíð hússins. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.4 m. br. 7.6 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 4.0 m. br. 0.9 m. h. 2.8 m. ris 0.8 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" do. L. 3.7 m. br. 0.9 m. h. 2.8 m. ris 0.7 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>77.160.-</p>
<p><u>Virt 20/4 1974.</u></p> <p>Einfaldur bilskúr er tekinn í mat. Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 6,00., br. 3,40., h. 2,5., 51 m³</p> <p>Bilskúrin ásamt tilheyrandi er virtur ákr. 194.000</p>	<p>194.000</p>

Gata og númer:

H á t ú n 23.

Möt framkvæmd: 29/1/1945.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og járn og múrhúðað utan með skeljasandi.. I því eru 2 loft úr járn-bentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er asfaltpappi á rimlum, vírnet og múrhúðað yfir. Öll íbúðarherbergin eru múrhúðuð innan og máluð og með dúkum á gólfum. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, gangur og stigagangur. I risi er aðeins geymslupláss. Kjallari er með sama frágangi og hæðin, hvað íbúð snertir og frágang á útveggjum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v.s., anddyri, gangur, stigagangur, þvottahús og miðstöðvarherbergi . Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er inn-gangur í kjallara og geymsla .</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 8.0 m. h. 2.8 m. ris 1.4 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>124.800.-</p>
<p><u>Virtur 20/4 1974.</u></p> <p>Einfaldur bilskúr er tekinn í mat. Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 4,40 m., br. 4.00., h.4,5 m 79 m³</p> <p>Bilskúrinn ásamt tilheyrandi er virt ákr. 300.000</p>	<p>300.000</p>

Möt framkvæmd: 21/4/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, vírneti og múrhúð á veggjum og með eternitbaki á pappa og borðasúð. Í útveggjabindingi er pappalag og listar á milli biljanna. Innan á útveggjum kjallaraíbúðarinnar eru vírlagðar biljur. Skilveggir aðalhæðarinnar eru úr bindingi, með tvöföldum biljum, vírlögðum og allar íbúðir hússins eru múrslétt- aðar og olíumálaðar innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypi- baðherbergi, m/v.s., 2 fastir skápar, stigagangur, forstofa og anddyri. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 skápar, 3 geymsluherbergi, þvotta- herbergi, miðstöðvarherbergi og 3 gangar og v.s. Kolaklefi úr steinsteypu er utan við kjallaravegginn í sambandi við miðstöðvarherbergið. Steinsteypugólf er yfir kjallaranum. Skeljasamdur er í utanhússmúrun hússins. Steinsteypu- tröppur eru við húsið, undir þeim er inngangur í kjallarann og geymsluklefi. Stærð: L. 9.0 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	73.320.-

Gata og númer:

H á t ú n 27

Möt framkvæmd: 30/1/1951.

Metið kr.

Bífreiðaskúr 1 hæð og skúrþak, byggður úr holsteini og steinsteypu, en 1 veggur úr timbri og er hann kalkaður, 1 veggur timburklæddur innan og múrhúðaður; skúrinn er húðaður utan skeljasandi og með þaki úr timbri og tjörguðum sandbornum pappa; hann er ósundurhólfaður og upphitaður frá húsinu.

Stærð skúrsins: L 6.8 m. br. 4.6 m. h. 2.6 m. skáþak.

Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....

16.300.00✓

Gata og númer:

H á t ú n 29.

Möt framkvæmd: 1/5/1943. 31/5/1965	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, endurreist, (áður Reykjavíkurvegur 9.), einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft, úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum íbúðanna bæði í kjallara og aðal hæðarinnar er borðagrind með pappa í og vírlagðar borðapiljur þar innan á og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og málaðar innan. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhúsa, v.s., baðherbergi m/baðkari og v.s., 2 geymsluherbergi, 2 fastir skápar, anddyri og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluherbergi og gangur inn í kjallarann. Húsið er múrhúðað utan með kvarz og tinnu.</p> <p>Stærð: L. 8.3 m. br. 8.0 m. h. 2.7 m. ris 1.6 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 1.8 m. br. 4.8 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>72.500.-</p>
<p><u>Virt:31/5/1965</u></p> <p>Húsið er óbreytt að stærðum, en óskast endurmetið, vegna hækkandi verðlags.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8.3 m., br. 8.0 m., h. 2.7 m., ris 1.6 m., kj. 2.4 m.,</p> <p>L. 1.8 m., br. 4.8 m., h. 2.7 m., ris 1.0 m., kj. 2.4 m., ± 440.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrnadi, er virt á.....</p>	<p>kr. 902.000.-</p>

Gata og númer:

H á t ú n 31.

Möt framkvæmd: 29/12/1944.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og bárujárni. Innan á útveggjum er tex og málað yfir. Skilveggir eru allir steiptir, sem og kjallari og gólf, en 2 loft og stigi eru úr járnbentri steinsteypu. Öll herbergin eru múrhúðuð og máluð og dúkar á öllum gólfum. I aðalhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/kerlaug og v.s. og gangur. Ríshæð er ósundurhólfuð. I kjallara, sem er með sama frágangi hvað íbúð snertir eru 3 herbergi og 1 saumastofa, v.s., þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi, anddyri, gangur og geymsla. Veggsvaflir eru á húsinu og steinsteiptar tröppur undir þeim er geymsla og inngangur í kjallarann. Það er múrhúðað með skeljasandi.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.2 m. br. 8.5 m. h. 2.6 m. ris 1.5 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>" útskots: L. 1.1 m. br. 4.2 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m. kjh. 2.6 m.</p>	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	115.700.-

Möt framkvæmd (25/9/1945) 24/5/1949.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með geirarisi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og bárujárni. I húsinu eru 2 loft og stigar úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru tvöfaldar þiljur, pappi og vírnet. Öll íbúðarherbergin eru málhúðuð og máluð yfir og gólf dúklögð. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/kerlaug og v.s., anddyri, gangur og stiga-gangur. I risi er aðeins geymsla. I kjallara, sem er með sama frágangi hvað íbúð snertir eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, v.s., anddyri og gangur, þvotta- og miðstöðvarherbergi og geymslur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim geymsla. Það er skelhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 10.4 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>158.900.-</p>
<p>===== Virt 24/5/1949.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 25. sept. 1945.</p> <p>Ibúðarhús: L 10.4 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.6 m. kj. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>180.900.-</p>
<p>Einfaldur bílskúr tekinn í mat. Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 5,9 m., br. 3,4.m., h., 2,5 m., 50 m³</p> <p>Bílskúrin ásamt tilheyrandi er virt á</p>	<p>kr. 190.000</p>
<p>Virt 20/4 1974.</p>	

Möt framkvæmd: (1/9/1942.) (20/5 1955) Bílskúr 10/2 1956.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og allar íbúðir hússins eru múrsléttadar og málaðar innan. Í aðalhæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypibaðtækjum og v.s., 4 innbyggðir skápar, stigagangur, forstofa og anddyri. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, geymsluherbergi, 3 geymsluskápar, þvottahús, miðstöðvarherbergi, v.s. og 3 gangar. Kolageymsla úr steinsteypu er utan við kjallaravegginn. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluklefi. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi. Stærð: L. 9.8 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 2.0 m. kjh. 2.4 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>81.710.-</p>
<p><u>Virt 20/5 1955.</u></p> <p>Hefir frá síðasta mati 1. sept 1942 verið hækkað um ris, hæð með 2 kvistum og eru þar 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, stigaforstofa og gangur, allt málað og dúklegt, timburstiga er upp á loftið og er þar sem bað var áður íbúðarhús. :L. 9.8 m. Br. 8.5 m. H. 2.7 m. ris 2.9 m. kj. 2.5 m. = 558.11 m³ Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 418.600.00</p>	<p>418.600.00</p>
<p><u>Virt 10/2 1956. 8</u></p> <p>Nýr bílskúr, 1 hæð, hlaðinn úr holsteini, slétthúðaður og málaður utan, óeinangraður og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Ósundurhólfaður og óupphitaður. Stærð bílskúrsins : L. 5.7 m. Br. 3.5 m. H. 2.4 m. = 47.88 m³ Skúrinn, með tilheyrandi, er metinn á kr. 19.200.00</p>	<p>19.200.00</p>

Gata og númer:

H á t ú n 37.

Möt framkvæmd: 2/4/1946.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með geirarísi, hlaðið úr holsteini á steinsteyptan kjallara. Þak er úr borðum, pappa og asbesti. 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir ýmist steyptir eða hlaðnir úr vikurplötum. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allt, hvað íbúð snertir, múrhúðað og malað og dúkar á gólfum. I aðalhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, stórt gangherbergi og 3 fastir skápar. Tréstigi er ofan í kjallara. I kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, 1 v.s., steypibaðherbergi, anddyri og gangur, allt með sama frágangi og er í hæðinni. Auk þess er þar geymsla, þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi. Við húsið eru steinsteyptar tröppur og undir þeim inngangur í kjallarann. Húsið er múrhúðað utan með kvarzi og tinnu.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.0 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" útskots: L. 3.4 m. br. 1.2 m. h. 2.8 m. ris 0.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>122.000.-</p>
<p><u>Virt 20/4 1974.</u></p> <p>Einfaldur bílskúr tekinn í mat.Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 7,50., br. 5,40., h. 4,8., 194 m³</p> <p>Bílskúrin ásamt tilheyrandi er virt ákr. 737.000</p>	<p>737.000</p>

Möt framkvæmd: 12/10/1950.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, húðað utan marmarasalla, klætt innan trétexi og vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, hol, gangur og 14 fastir skápar, allt málað, parkett á holi, stofu og borðstofu, korkur og dúkur á eldhúsi, hitt dúklagt, nema í anddyri og baðherbergi er terrassó á gólfi. Á þakhæð er stigaforstofa og 2 geymslur og veggsvaflir, ófrágengið. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, v.s., forstofa og gangur, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, olíumiðstöðvarklefi, 2 geymslur og geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 10.4 m. br. 10.4 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m. kj. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;"><u>335.500.00</u></p>
<p><u>Virt 20/4 1974.</u></p> <p>Einfaldur bílskúr tekinn í mat. Byggður úr steinsteypu.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 6,20 m., br. 3,6 m., h. 2,40., 54 m³</p> <p>Bílskúrin ásamt tilheyrandi er virt ákr. <u>205.000</u></p>	

Möt framkvæmd: 31/10 1955.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, múrhúðað utan, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og asbesti. - Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, anddyri, innri forstofa, stigahús, innb. skápar, allt málað og dúklagt, eik á sumum gólfum. - Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, innb. skápar, birkihurðir, allt málað, korkur á gólfum, stigahús, innri forstofa, veggsgvalir. - Í kjallara er þvottahús, kyndiklefi, vinnustofa og 2 geymslur.</p> <p>Stærð hússins : L. 12.0 m. Br. 8.0 m. H. 3.4 m. ris 2.5 m. kj. 2.2 m. = 662.40 m³</p> <p>" viðbygg.: L. 3.7 m. Br. 2.5 m. H. 2.9 m. flatt kj. 2.2 m. = 42.18 m³</p> <p style="text-align: right;">Alls 709.58 m³</p>	
A. Húsið, með viðbyggingu og tilheyrandi, er metið ákr.	503.800.00
B. Bifreiðaskúr nýr er áfastur húsinu steinsteypdur í hólf og gólf, slétthúðaður utan og vikureinangraður innan.	
Stærð skúrsins : L. 3.0 m. Br. 6.0 m. H. 2.6 m. = 46.80 m ³	
Skúrin er metinn ákr.	18.700.00
	Kr. 522.500.00

Möt framkvæmd: (25/3. 1958.) 22/1. 1959.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1. hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með timbri, pappa og múrhúðað og með þaki úr timbri, pappa og helluskífum og með 1 gluggakvisti.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v.s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar. Einfalt gler er í gluggum. Svalir.</p> <p>Þakhæð er óinnréttuð, nema eitt herbergi.</p> <p>Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v.s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar. Einfalt gler er í gluggum.</p> <p>Einnig er við húsið bílskúr, hlaðinn úr vikursteini, hólfaður í tvö hólf, múrhúðaður utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujarni.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8.5 m., br. 9.0 m., h. 2.8 m., ris 2.8 m., kj. 2.4 m. " 1.25 " " 4.35 " " 2.8 " " 0.8 " " 2.4 " Alls 520.00 m³</p> <p>Stærð Bílskúrs: L. 9.5 m., br. 3.5 m., h. 2.5 m. " 3.3 " " 1.5 " " 2.5 " Alls 95.50 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á Alls kr. 475.500.-</p>	<p>442.100.-</p> <p>33.400.-</p> <p>475.500.-</p>
<p><u>Virt 22/1. 1959.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 25/3 1958, hefur þakhæð hússins verið hækkuð og þar innréttuð íbúðarherbergi.</p> <p>Í þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s. og handlaug og stigahús. Allt málað og dúklagt. - Skammtaloft ónothæft.</p> <p>Að öðru leyti er húsið óbreytt frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8.5 m., br. 9.0 m., h. 5.4 m., kj. 2.4 m. " 1.25 " " 4.35 " " 5.4 " " 2.4 " = 639.05 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á Kr. 607.100.-</p>	<p>607.100.-</p>
<p><u>Virt:18/9.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur ýmislegt verið endurbætt í húsinu. Stærðir eru óbreyttar frá fyrra mati þó A.liður 639 m³ virtur á.....kr. 856.260.-</p> <p>B.liður.96 m³ virtur á.....kr 59.904.-</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr 916.104.-</p>	<p>856.260.-</p> <p>59.904.-</p> <p>916.104.-</p>

Möt framkvæmd: (20/8/1949.) 10/8/1958.

Metið kr.

